NÁMSGREIN: ÍSLENSKA
KENNSLUYFIRLIT – 3 BEKKUR

Kennsluhættir: Átta kennslustundir í viku að lágmarki. Kennsla byggist á innlögn, umræðum, virkri þátttöku nemenda í einstaklings- og hópavinnu.

Námsþættir: Pals, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og lesskilningur, bókmenntir, ritun og mál og málnotkun.

Námsmat: Leiðsagnarmat, kannanir, símat, lesfimipróf.

Námsgögn: Ritrún 2, Lesrún, Skrift 3, PALS, aukaefni.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Kennt í lotum.	Lestur og lesskilningur Ritun Talað mál, hlustun og áhorf Mál og málnotkun	Pals, lestur í skóla, heimalestur, lestrarsprettir, mínútulestur. Skrift, stafsetningaræfingar. Hlustað á sögur og unnin verkefni úr sögu. Rím, orðaleikir, raðað í stafrófsröð.	Beitt skýrum og áheyrilegum framburði. Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega. Beitt einföldum stafsetningarreglum og einföldum reglum við greinarmerkjasetningu Horft og hlustað af athygli á fjölbreytt efni og greint frá upplifun sinni. Áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki. Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.	Leiðsagnarmat, lesfimipróf. Stafsetningarkönnun. Ritunarverkefni.	
Kennt í lotum.	Lestur og lesskilningur Bókmenntir Ritun	Lesin ævintýri, ljóð og sögur	Beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða. Valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri. Unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.		

			Beitt einföldum bókmenntahugtökum í umfjöllun um bókmenntir.		
Kennt í lotum.	Mál og málnotkun Talað mál, hlustun og áhorf		Búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar. Áttað sig á mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða, þekkt og rætt ýmis einkenni málsins. Sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.	Könnun.	
Kennt í lotum.	Lestur og lesskilningur Mál og málnotkun Ritun	PALS, lesrún, lestur í skóla, heimalestur.	Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni, Þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar. Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila. Sett fram eigin hugmynd í texta, metið og lagfært með eða án hjálpargagna. Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri. Leikið sér með margræðni tungumálsins svo sem í gegnumorðtök, einfalda málshætti og föst orðasambönd.		